



**Setningarávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnunni
Sálrænn stuðningur við viðbragðsaðila í neyðarþjónustu
Reykjavík, 3. nóvember 2016**

Ágætu ráðstefnugestir.

Það er mér heiður að fá að ávarpa hér hóp manna sem vinna óvenjuleg og einkar mikilvæg störf, bæði fulltrúa björgunarsveita, lögreglu, slökkviliðs, heilbrigðiskerfis og hjálparsamtaka, svo nokkrir séu nefndir, sem og fólk sem hefur sérhæft sig í að rannsaka áfallaröskun og það álag almennt sem fylgir störfum viðbragðsaðila.

Við Íslendingar höfum stundum mátt þola miklar þrengingar í okkar sögu, náttúruhamfarir á borð við mannskæð snjóflóð, jarðelda og jarðskjálfta; og mætti bæta við þá upptalningu slysum og manntjóni við sjósókn að ógleymdum samgönguslysum. Við slíkar aðstæður er ómetanlegt að eiga mannskap sem hefur kunnáttu, kjark og tæki til að bjarga fólki úr lífsháska – fyrir slíkt getum við aldrei þakkað nóg.

Á síðari árum hafa nýir þættir bæst í viðbúnaðarstörf okkar og má sem dæmi nefna stóraukinn ferðamannastraum til landsins sem óhjákvæmilega skapar nýjar kröfur; mönnum er í fersku minni umferðaróhapp í nágrenni Reykjavíkur þar sem tugir erlendra ferðamanna urðu fyrir áfalli. Annar þáttur, sem bæst hefur við á síðari árum, er starf íslenskra björgunarliða í fjarlægum löndum sem er mjög mikilsvert framlag sem þjóðin getur raunar verið stolt af.

Skilningur manna á hugrænum eða sálrænum þáttum hverskyns neyðar- og björgunarstarfa hefur aukist til muna á nýliðnum árum. Sú var tíðin að margir töldu best að bíta á jaxlinn og þegja alveg um ástvinamissi

og aðrar hremmingar vegna náttúruhamfara en nú vitum við að flestum er nauðsynlegt að vinna úr slíku með ákveðnum hætti. Enginn er minni maður fyrir að gangast við því að sálrænt álag fylgi því að horfast í augu við hættur, slys og dauða; hitt er sönnu nær að að það sé merki um djörfung og skynsemi að gangast við slíkri áraun og vinna úr henni með aðstoð þeirra sem reynsluna hafa og geta miðlað öðrum af þekkingu sinni á því sviði.

Tölur um áfallastreituröskun í hópi viðbragðsliða segja sína sögu og sama máli gegnir um tíðni sjálfsvígshugsana. Það er löngu kominn tími til að allir skilji og viðurkenni að það kostar ekki bara líkamsburði að glíma við erfiðustu útköllin og ég fagna því að menn komi hér saman í dag til að fjalla um þessi efni.

Ég þakka þeim sem standa að þessari ráðstefnu fyrir að stuðla að því að breiða út þekkingu um sálrænan stuðning við viðbragðsaðila í neyðarþjónustu og lýsi ráðstefnuna opna.